

ÞÍÐVILINN

Laugardagur 15. júní 1968 — 33. árgangur — 121. tölublað.

Keflavíkur- gangan 23. júní

• Skrifstofan í Aðalstræti 12 verður framvegis opin sem hér segir: Virka daga kl. 16-19 og 20.30-22, sunnudaga kl. 13-19. — Síminn er 24701.
• Hafið samband við skrifstofuna og látið skrá ykkur í gönguna sem fyrst. — Gleymið ekki fjársöfnuninni vegna göngunnar.

Siglfirzki báturinn hefur ekki fundizt

Talið er nær fullvíst að Siglfirðingarnir tveir sem leitað hefur verið að hafi farizt á miðvikudagskvöldið, er þeir fóru í róður á þriggja tonna trillu í slæmu veðri og mikill ís var úti á firðinum.

Strax á fimmtudagsmorgun var hafin mjög umfangsmikil og skipulögð leit að mönnum á trillunni, og tóku þátt í henni

bátar, flugvélar og leitarflokkar gengu fjórir. Ekkert hefur fundizt sem bent gæti til hver orðið hafa afdrif mannanna, en vonlitið er talið að trillan sé enn ofansjávar.

Mennirnir sem saknað er heita Helgi V. Jónsson og Sigurður Helgason. Þeir eru báðir fæddir árið 1946 og eru fjölskyldufélagar.

Hækkað verð á kartöflum

Grænmetisverzlun landbúnaðarins auglýsti hækkað verð á kartöflum í gær. Eru nýju kartöflurnar ítalskar en þær sem fyrir eru á markaðnum eru Hollenzkar.

Reiknað er með að þær hollenzku gangi fljótlega til þurrðar en þær hafa ekki líkað of vel. Hollenzku kartöflurnar hafa verið mjög misjafnar og hafa margir kvartað undan að skemmdar kartöflur væru innanum.

Ítölsku kartöflurnar kosta kr. 13.50 kílóð séu þær í 5 kílóa pokum, en þær koma ekki alveg strax í búðirnar. Kostar pokinn 67,50 krónur. Í tveggja og hálfis kílóa pokum kostar kílóð 13,70.

Verðið á hollenzku kartöflunum var krónur 8,77 kílóð eða kr. 43,85 hver fimm kílóa poki. Hækkunin á hvern fimm kílóa poka nemur því krónum 23,65. En margt manna mun vera þeirrar skoðunar að það borgi sig að greiða heldur meira fyrir kartöflurnar séu þær góðar.

Rauði kross Ís- lands efnir til Biafrasöfnunar

Rauði kross Íslands hefur fyrir beiðni Alþjóða Rauða krossins ákveðið að hefja almenná söfnun hérlandis til aðstoðar almennum bongurum í Biafra, en eins og kunnugt er ríkir þar algert neyðarástand vegna styrjaldar.

Ráðgert er að söfnunarfé þessu verði varið til kaupa á íslenskum afurðum sem sendar yrðu á vegum Rauða krossins til hjálpsarsveita hans í Biafra. Söfnun þessi hefst eftir heilgina og mun blaðið skýra nánar frá tilhögun hennar þá.

Salurinn opinn

Félagsheimili AFR er opið í kvöld frá kl. 8.30. — Kaffi og kökur á boðstólum. — Mætir gestir koma í heimsókn.

AFR.

Fiske-skákmótið sjá síðu 3

Hörður Ágústsson skipaður skólastjóri

Í gær barst Þjóðviljanum eftirfarandi fréttatilkynning frá menntamálaráðuneytinu:

„Staða skólastjóra Myndlista- og handíðaskóla Íslands var auglýst laus til umsóknar í Lög- birtingablaði nr. 23, 1968 og rann umsóknarfrestur út hinn 1. maí s.l.

Tvær umsóknir bárust um stöðu þessa, frá listnálanumum Braga Ásgeirssyni og Herði Ágústssyni.

Ráðuneytið hefur sett Hörð Ágústson, listmálara skólastjóra Myndlista- og handíðaskóla Íslands til eins árs, frá 1. september 1968 að telja“.

Hörður Ágústsson er fæddur 1922 í Reykjavík. Foreldrar hans eru Ágúst Markússon, veggfóðrameistari og kona hans Guðrún Guðmundsdóttir.

Hörður lauk stúdentsprófi frá MR 1941 og stundaði nám í Handíða- og myndlistarskólanum 1941—43. Einnig stundaði hann nám í Konunglega Akadémíunni í Kaupmannahöfn 1945-46 og í Grand Chaumiere í París 1947—49. Hann hefur haldið allmargar sjálfstæðar einkasýningar á málverkum og tekið þátt í samsýningum. Hörður hefur starfað að innanhússkreytingum, bókaferð og auglýsingateiknun og hefur verið styrkþegi Vísinda-



Skákmeistararnir Freysteinn Þorbergsson og Uhlmann vírða fyrir sér gömul skákrit. — (Ljós. Þjóðv. vh).

Sýning á skákritum í Landsbókasafninu

Skrá um erlend skákrit kom út í gær

Skrá um erlend skákrit í Landsbókasafni Íslands kom út í gær, og um leið var opnuð í anddyri safnsins sýning á hluta af skákritasafni því er próf. Willard Fiske um leið og Taffelag Reykjavíkur minnst hans með alþjóðlegu skákmóti.

Í safni því er próf. Fiske gaf Landsbókasafninu eru á 14. hundrað rita sum ævagamul og er hluti safnsins sýndur í anddyrinu. Í gjöf Fiske kennir margra grasa og er sá hlutinn merktur sem lýtur að skáksögu að fornu og nýju, því hann hefur víðað að sér bæði smáu og stóru jafnvel skákþáttum blaða og timarit, einstökum myndum og úrklippum auk bóka. Fiske einskorðaði sig ekki við hreina skákfræði, heldur safnaði einnig skáldverkum þar sem fjallað er um skáklíst eða sú íþrótt kemur við sögu. Einnig fylgdu gjöf hans nokkur handrit um skák og talsvert af ritum um ýmiskonar spil og leiki. Langflest ritanna eru fagurlega innbundin.

Í skrá Landsbókasafnsins sem út kom í gær og unnin er af Pétri Sigurðssyni fv. háskólaritara, Haraldri Sigurðssyni og Ólafi Pálmasyni, er fremst skrá um skákritagjöf Willards Fiske, en í síðari hluta skrár yfir þau skákrit er Landsbókasafnið átti fyrir eða aflað hefur verið á síðustu áratugum. Var ráðunautur safnsins við bókaval hinn mikli skákumandi Pétur Zophoníasson, er lézt 1946.

Leigubílstjórinn var í órétti

Í gærkvöld um 10 leytið varð árekstur milli tveggja fólksbíla skammt fyrir vestan Grafarholti í Mosfellssveit.

Leigubílfreið úr Reykjavík lagði af stao frá Grafarholti og ók leigubílfreiðarstjórinn á röngum vegarhelmingi um 400 metra leið og mætti þá Taurus bílfreið úr Reykjavík á hæð og óku báðir út af veginum sömu megin, og varð áreksturinn fyrir utan veginn. Bílarnir skemmdust miklið og var leigubílfreiðarstjórinn í órétti.



Hörður Ágústsson

sjóðs undanfarin ár til að rannsaka íslenska byggingarlist fyrir og síðar.

Samþykkt að leggja niður alla brunaboða í Reykjavík

- bráðabirgðahverfisstöð verður í gömlu slökkvistöðinni

□ Í vikunni var samþykkt á borgarráðsfundi að þeir 34 brunaboðar sem enn eru á Reykjavíkursvæðinu verði lagðir niður og sömu-leiðis var samþykkt að slökkviliðið hefði bráðabirgðahverfisstöð í hluta gömlu slökkvistöðvarinnar við Tjarnargötu, eða þangað til ný hverfisstöð verður reist í vesturbænum.

Rúnar Bjarnason, slökkviliðsstjóri sagði blaðamönnum frá þessum tveimur veigamestu málum og ýmsu öðru í starfsemi slökkviliðsins.

Brunaboðarnir verða teknir niður á næstu tveim vikum enda þykja þeir ekki hafa miklu hlutverki að gegna lengur, þegar símar eru orðnir svo algengir sem raun ber vitni. Einnig er fólki bent á að í Reykjavík eru 1000 bílar með talstöðvum þ.a.m. leigubílfreiðir og er hægt að stöðva þá í neyðartilfellum og koma þá bílstjórnirnar skilaboðum til slökkviliðsins.

Slökkviliðsstjóri sagði að fyrstu fimm árin sem stöðin í Tjarnargötu hefði verið í notkun, 1913-1918 hefðu eldkvaðningar með brunaboðum verið 80 en með síma eða sendiboða 11, eða alls 91 útkall. Má því segja að á þessum árum hafi brunaboðanna verið brýn þörf. Nú er viðhorfið í þessu máli hinsvegar gerbreytt. Undanfarin fimm ár 1963-67 hafa eldkvaðningar með brunaboðum aðeins verið 14 samtals en alls 2327 útköll. Árið 1967 og það sem af er ársins 1968 hefur engin eldkvaðning komið á brunaboða án þess að símboð hafi komið um leið.

Hins vegar hafa nörr með brunaboðum stöðugt farið vaxandi og voru árin 1963-67 alls 236 og í ár samtals 25 á fjórum mánuðum eða 20% útkallanna á árinu. Mikil hætta og kostnaður er þessum nörrum fylgjandi. Það þarf t.d. ekki að orörlengja það hve mikil hætta getur stafar af því ef slökkviliðið er narrað austur í bæ og kviknar í vestur í bæ ásama tíma. Þá má benda á að kostnaður í sambandi við eitt útkall getur komið upp í 20

Framhald á 2. síðu.



Listkynning MFÍK hefst í dag kl. 3

• Í dag er fyrsti dagur listkynningar þeirrar sem Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna gangast fyrir í Hall-

veigarstöðum. Verður uppi list-sýning alla dagana og síðan fluttur dagskrár, bæði kl. 3 síðdegis og kl. 9 á kvöldin.

Reykjavík var rafmagnslaus í sjö mínútur í gærkvöld

Háspennuvirki við Elliðaár- bílaði laust fyrir miðnætti í gærkvöld og var borgin rafmagnslaus í sjö mínútur.

Datt út allur rafstraumur frá Sogsvirkjum við þessa bilun.

• Á dagskránni kl. 3 e.h. í dag leika þær samleik á fiðlu og piano, Agnes Löve og Ásdís Þorsteinsdóttir Sónatínu eftir Schubert, en síðan lesa leikkonurnar Helga Hjörvar og Sólveig Hauksdóttir upp.

• Kl. 9 e.h. hefst svo kvöldvaka í umsýslu Auðar Guðmundsdóttur leikkonu. — Þá verða kaffiveitingar. Nánar verður sagt frá dagskránni síðari dagana í blaðinu á morgun.

• Myndin er af þeim Ásdís Þorsteinsdóttur fiðuleikara og Agnesi Löve pianóleikara. — (Ljós. Þjóðv. G. M.).